# KJARAKÖNNUN FÉLAGS VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐINGA 2019

zenter

FÉLAG VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐINGA

# FRAMKVÆMD

Kjarakönnun FVH var framkvæmd af Zenter rannsóknum á tímabilinu 17. desember 2019 til 23. febrúar 2020.

Í úrtaki voru viðskipta- og hagfræðingar á Íslandi.

Þátttakendur voru beðnir um að svara spurningum út frá stöðu á vinnumarkaði og launum í nóvembermánuði árið 2019.

Zenter rannsóknir önnuðust alla gagnavinnslu og tryggðu nafnleynd við þátttakendur.

| | |
|---|---|
| **Lýsing á rannsókn** | |
| Fyrirtæki: | Félag viðskipta- og hagfræðinga |
| Framkvæmdatími: | 17. desember 2019 til 23. febrúar 2020 |
| Aðferð: | Netkönnun meðal viðskipta- og hagfræðinga á Íslandi |
| **Stærð úrtaks og svörun** | |
| Úrtak: | 2.642 (Viðskipta- og hagfræðingar) |
| Svarendur: | 1.096 |
| Svarhlutfall: | 41% |

# LAUN OG LAUNAÞRÓUN

Samkvæmt niðurstöðunum er miðgildi heildarlauna viðskipta- og hagfræðinga 989.000 kr. en meðaltal heildarlauna 1.094.000 kr. Þar sem meðaltal launa er hærra en miðgildið er dreifingin jákvætt skekkt sem þýðir að meirihluti einstaklinga fær lægri laun en meðallaun. Vikmörk meðaltals heildarlauna eru á bilinu 1.060.000 kr. til 1.129.000 kr. og hægt er að segja með 95% vissu að raunverulegt meðaltal þýðisins liggi innan þessara marka. Staðalfrávik heildarlauna er 513.000 kr. og er því nokkur dreifing á heildarlaunum.

Meðaltal grunnlauna er 972.000 kr., miðgildið er 890.000 kr. og staðalfrávik 457.000 kr. Miðgildi fyrir greidda yfirvinnu er 0 þar sem að meirihluti svarenda fékk ekki greidda yfirvinnu, en meðaltalið er 33.000 kr. og staðalfrávikið 119.000. kr. Það leiðir í ljós að meirihluti viðskipta- og hagfræðinga fá föst mánaðarlaun.

**Miðgildi grunnlauna viðskipta- og hagfræðinga í nóvember 2019 voru 890.000 kr. og miðgildi heildarlauna 989.000 kr.**

**GRUNNLAUN** (í þús. kr.)

| Fjöldi svara | Miðgildi | Meðaltal | Vikmörk meðaltals | Staðalfrávik | Lægstu laun | Hæstu laun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 843 | 890 | 972 | 942 til 1.003 | 457 | 33 | 3.900 |

**HEILDARLAUN** (í þús. kr.)

| Fjöldi svara | Miðgildi | Meðaltal | Vikmörk meðaltals | Staðalfrávik | Lægstu laun | Hæstu laun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 854 | 989 | 1.094 | 1.060 til 1.129 | 513 | 145 | 4.250 |

**GREIDD YFIRVINNA** (í þús. kr.)

| Fjöldi svara | Miðgildi | Meðaltal | Vikmörk meðaltals | Staðalfrávik | Lægsta greiðsla | Hæsta greiðsla |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 841 | 0 | 33 | 25 til 41 | 119 | 0 | 2.300 |

**LAUNADREIFING HEILDARLAUNA** (í þús. kr.)



# LAUNAÞRÓUN

Miðgildi heildarlauna hefur hækkað um 23% frá árinu 2017, sjá mynd og töflu. Laun karla hafa hækkað um 18% og á meðan laun kvenna hafa hækkað um 22%. Athugið að í þessum útreikningum er ekki tekið tillit til starfshlutfalls, yfirvinnutíma, og annarra breyta sem geta haft áhrif á heildarlaun.




| MIÐGILDI HEILDARLAUNA | | | | ÞRÓUN | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ár** | **Allir** | **Karlar** | **Konur** | **Karlar** | **Konur** |
| 2019 | 989 | 1.081 | 901 | 18% | 22% |
| 2017 | 800 | 916 | 740 | 8% | 7% |
| 2015 | 782 | 848 | 692 | 7% | 7% |
| 2013 | 729 | 796 | 649 | 20% | 20% |
| 2011 | 604 | 661 | 540 | 2% | -2% |
| 2010 | 600 | 650 | 550 | 2% | 1% |
| 2009 | 581 | 636 | 547 | 6% | 9% |
| 2008 | 540 | 600 | 500 | 2% | 11% |
| 2007 | 520 | 586 | 450 | 13% | 13% |
| 2005 | 460 | 517 | 399 | 10% | 11% |
| 2003 | 435 | 470 | 360 | 16% | 8% |
| 2001 | 382 | 405 | 333 | 16% | 32% |
| 1999 | 320 | 350 | 253 | 23% | 20% |
| 1997 | 260 | 285 | 211 | | |

# KYNBUNDINN LAUNAMUNUR

Kynbundinn launamunur er launamunur sem ekki verður útskýrður með öðru en kynferði. Til að kanna kynbundinn launamun var gerð aðhvarfsgreining þar sem leiðrétt var fyrir eftirfarandi áhrifaþáttum: starfshlutfalli, menntun, aldri, starfsaldri, fjölda yfirvinnutíma, mannaforráði, búsetu og starfsheiti.

Samkvæmt niðurstöðum eru karlar með 8,1% hærri laun en konur þegar búið er að leiðrétta fyrir áhrifaþáttum (samanborið við 17,8% án leiðréttingar).





17,8% ÓLEIÐRÉTT
8,1% LEIÐRÉTT

# KYNBUNDINN LAUNAMUNUR

## Eftir aldri

Myndin sýnir launaþróun eftir aldri og kyni þeirra sem eru í fullu starfi. Marktækur munur er á meðaltali heildarlauna eftir öllum aldurshópum nema 20-29 ára, en í þeim aldurshópi eru mjög fá svör. Einnig er miðgildi heildarlauna karla hærra en kvenna í öllum aldurshópum.

| | MEÐALTAL | | MIÐGILDI | | FJÖLDI | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Aldur | Karlar | Konur | Karlar | Konur | Karlar | Konur |
| 50 ára og eldri | 1270* | 993* | 1150 | 930 | 247 | 188 |
| 40 til 49 ára | 1211* | 1064* | 1130 | 968 | 124 | 147 |
| 30 til 39 ára | 1089* | 887* | 960 | 809 | 61 | 54 |
| 20 til 29 ára | 717 | 664 | 722 | 585 | 6 | 6 |



# KYNBUNDINN LAUNAMUNUR

## Eftir starfsheiti

Samkvæmt niðurstöðunum eru miðgildi heildarlauna hærri hjá körlum á flestum sviðum, fyrir utan þau sem sem starfa sem framkvæmdastjórar/forstöðumenn sviða og deildarstjórar. Mestur launamunur er hjá fjármálastjórum.

| | MEÐALTAL | | MIÐGILDI | | FJÖLDI | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Starfsheiti | Karlar | Konur | Karlar | Konur | Karlar | Konur |
| Framkvæmdastjóri/forstöðumaður sviðs | 1522 | 1472 | 1365 | 1425 | 70 | 53 |
| Forstjóri/framkvæmdastjóri fyrirtækis eða stofnunar | 1507* | 1154* | 1347 | 1058 | 60 | 30 |
| Fjármálastjóri | 1523* | 1107* | 1407 | 1049 | 32 | 39 |
| Deildarstjóri | 1041 | 1079 | 1012 | 1093 | 33 | 28 |
| Sérfræðingur | 983* | 859* | 916 | 840 | 114 | 106 |
| Verkefnastjóri | 978* | 815* | 971 | 809 | 23 | 36 |



# KYNBUNDINN LAUNAMUNUR

## Eftir starfsvettvangi

Marktækur munur er á meðaltali heildarlauna hjá þeim sem starfa hjá fjármálafyrirtækjum, í upplýsingatækni/hugbúnaðargerð, í iðnaði, í opinberri stjórnsýslu, í endurskoðun og hjá menntastofnunum. Mesti kyndbundni launamunurinn er hjá þeim sem starfa í endurskoðun.

| | MEÐALTAL | | MIÐGILDI | | FJÖLDI | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Starfsvettvangur** | **Karlar** | **Konur** | **Karlar** | **Konur** | **Karlar** | **Konur** |
| Verslun (smásala/heildsala) | 1454 | 1197 | 1407 | 1025 | 30 | 22 |
| Fjármálafyrirtæki | 1362* | 1086* | 1200 | 968 | 78 | 84 |
| Upplýsingatækni/hugbúnaðargerð | 1192* | 893* | 1150 | 905 | 28 | 14 |
| Ferðaþjónusta | 1305 | 941 | 1086 | 900 | 17 | 15 |
| Ráðgjafarfyrirtæki | 1020 | 1089 | 1021 | 1000 | 25 | 11 |
| Framleiðslufyrirtæki | 1379 | 1089 | 1050 | 950 | 23 | 13 |
| Heilbrigðisþjónusta | 1017 | 1011 | 976 | 1025 | 10 | 12 |
| Iðnaður | 1246* | 873* | 1200 | 761 | 11 | 11 |
| Opinber stjórnsýsla | 1044* | 891* | 1000 | 896 | 73 | 64 |
| Endurskoðun | 1262* | 933* | 1350 | 829 | 29 | 24 |
| Menntastofnun | 1247* | 888* | 1050 | 832 | 13 | 22 |
| Þjónustufyrirtæki | 1060 | 1013 | 890 | 938 | 29 | 26 |



# KYNBUNDINN LAUNAMUNUR

## Eftir mannaforráðum

Eins og sjá má á töflunni er marktækur munur á meðaltali heildarlauna milli kynja hjá þeim sem eru með mannaforráð yfir 11 manns eða fleiri og þeirra sem eru ekki með nein mannaforráð.

| | MEÐALTAL | | MIÐGILDI | | FJÖLDI | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Mannaforráð** | **Karlar** | **Konur** | **Karlar** | **Konur** | **Karlar** | **Konur** |
| 20 manns eða fleiri | 1662* | 1361* | 1380 | 1300 | 55 | 31 |
| 11 til 19 manns | 1644* | 1247* | 1500 | 1224 | 35 | 27 |
| 6 til 10 manns | 1245 | 1292 | 1230 | 1200 | 57 | 23 |
| 3 til 5 manns | 1284 | 1250 | 1219 | 1139 | 53 | 56 |
| 1 til 2 manns | 1031 | 1028 | 980 | 994 | 56 | 42 |
| Ég er ekki með mannaforráð | 1021* | 826* | 983 | 807 | 176 | 212 |



# KYNBUNDINN LAUNAMUNUR

## Eftir menntun

Samkvæmt niðurstöðunum er aðeins marktækur munur á meðaltali heildarlauna milli kynja hjá þeim sem eru með Bachelor gráðu.

| | MEÐALTAL | | MIÐGILDI | | FJÖLDI | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| MENNTUN | Karlar | Konur | Karlar | Konur | Karlar | Konur |
| MBA | 1417 | 1251 | 1233 | 1122 | 63 | 38 |
| Cand. Oecon | 1311 | 1179 | 1209 | 1127 | 101 | 54 |
| Bachelor gráða (BSc/BA) | 1139* | 857* | 1012 | 820 | 99 | 143 |
| Meistaragráða (t.d. MSc og MA) | 1098 | 1019 | 1010 | 960 | 131 | 148 |



# KYNBUNDINN LAUNAMUNUR

## Eftir fjölda ára á vinnumarkaði

Marktækur munur er á meðaltali heildarlauna milli kynja hjá þeim sem hafa verið lengur en 30 ár á vinnumarkaði, 11 til 20 ár og 6 til 10 ár.

| | MEÐALTAL | | MIÐGILDI | | FJÖLDI | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi ára á vinnumarkaði | Karlar | Konur | Karlar | Konur | Karlar | Konur |
| Lengur en 30 ár | 1303* | 1114* | 1200 | 1090 | 106 | 40 |
| 21 til 30 ár | 1366 | 1134 | 1183 | 1134 | 104 | 67 |
| 11 til 20 ár | 1207* | 1026* | 1142 | 927 | 150 | 209 |
| 6 til 10 ár | 1008* | 828* | 937 | 797 | 45 | 53 |
| 3 til 5 ár | 799 | 691 | 749 | 660 | 22 | 19 |
| 0 til 2 ár | 869 | 671 | 724 | 607 | 8 | 9 |



# KYNBUNDINN LAUNAMUNUR

## Eftir fjölda ára í núverandi starfi

Niðurstöður sýna að miðgildi heildarlauna hækkar í flestum tilvikum í takt við starfsaldur. Marktækur munur er á meðaltali heildarlauna milli kynja hjá þeim sem hafa verið 11 ár eða lengur í núverandi starfi, 5-6 ár og 2 ár.

| | MEÐALTAL | | MIÐGILDI | | FJÖLDI | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi ára í núverandi starfi | Karlar | Konur | Karlar | Konur | Karlar | Konur |
| Lengur en 20 ár | 1248* | 1081* | 1150 | 1065 | 63 | 35 |
| 11 til 20 ár | 1341* | 1060* | 1190 | 955 | 110 | 95 |
| 7 til 10 ár | 1147 | 1097 | 1134 | 958 | 57 | 63 |
| 5 til 6 ár | 1285* | 970* | 1100 | 822 | 60 | 39 |
| 3 til 4 ár | 1107 | 969 | 1000 | 900 | 62 | 61 |
| 2 ár | 1218* | 935* | 1025 | 909 | 36 | 35 |
| 1 ár | 1044 | 863 | 1041 | 831 | 20 | 25 |
| Skemur en 1 ár | 1083 | 894 | 900 | 859 | 30 | 45 |



# HEILDARLAUN

## Eftir starfsheiti

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar er nokkuð mikill munur á milli starfsheita. Marktækur munur er á meðaltali heildarlauna eftir starfsheiti. Miðgildi heildarlauna löggiltra endurskoðenda er hærra en annarra starfsheita, á meðan heildarlaun bókara og launafulltrúa eru lægst. Eins og sjá má á töflunni hafa meðallaun hjá öllum starfsheitum hækkað á milli ára.

| Starfsheiti | Meðaltal | Miðgildi | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Löggiltur endurskoðandi | 1438* | 1600 | 21 |
| Framkvæmdastjóri/forstöðumaður sviðs | 1491* | 1380 | 126 |
| Fjármálasérfræðingur | 1207* | 1265 | 18 |
| Forstjóri/framkvæmdastjóri fyrirtækis eða stofnunar | 1378* | 1238 | 93 |
| Fjármálastjóri | 1299* | 1200 | 72 |
| Deildarstjóri | 1066* | 1048 | 62 |
| Ráðgjafi | 967* | 1003 | 27 |
| Skrifstofustjóri | 996* | 997 | 19 |
| Sölu- og markaðsstjóri | 945* | 930 | 11 |
| Sérfræðingur | 934* | 892 | 226 |
| Viðskipta-/vörustjóri | 949 | 852 | 20 |
| Aðalbókari | 873* | 833 | 23 |
| Verkefnastjóri | 878 | 831 | 59 |
| Almennur starfsmaður | 702* | 650 | 15 |
| Bókari/launafulltrúi | 666* | 650 | 10 |



# HEILDARLAUN

## Eftir mannaforráðum

Samkvæmt niðurstöðunum er sterk sterk jákvæð fylgni á milli meðaltals heildarlauna og mannaforráðum. Miðgildi heildarlauna þeirra sem eru ekki með mannaforráð eru 850.000 kr.á meðan miðgildi þeirra sem eru með mannaforráð yfir 20 manns eða fleirum eru 1.350.000 kr.

| Mannaforráð | Meðaltal | Miðgildi | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| 20 manns eða fleiri | 1536* | 1350 | 89 |
| 11 til 19 manns | 1462* | 1356 | 64 |
| 6 til 10 manns | 1259* | 1230 | 83 |
| 3 til 5 manns | 1274* | 1152 | 111 |
| 1 til 2 manns | 1037* | 980 | 99 |
| Ég er ekki með mannaforráð | 918* | 850 | 396 |



# HEILDARLAUN

## Eftir fjölda ára á vinnumarkaði

Niðurstöður sýna að miðgildi heildarlauna hækkar í takt við starfsaldur. Miðgildi þeirra sem hafa verið á vinnumarkaði í 30 ár eða lengur eru 1.150.000 kr. á meðan miðgildi launa þeirra sem hafa verið í 0 til 2 ára á vinnumarkaði eru 650.000 kr.  Geta skal þess að miðgildi heildarlauna eru ekki að hækka eftir 21 ára á vinnumarkaði sem er svipuð þróun fyrir árin á undan.

| Fjöldi ára á vinnumarkaði | Meðaltal | Miðgildi | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Lengur en 30 ár | 1252* | 1150 | 149 |
| 21 til 30 ár | 1269* | 1150 | 177 |
| 11 til 20 ár | 1105* | 983 | 364 |
| 6 til 10 ár | 926* | 850 | 100 |
| 3 til 5 ár | 750* | 718 | 42 |
| 0 til 2 ár | 764* | 650 | 17 |



# HEILDARLAUN

## Eftir stéttarfélagi

Þegar laun viðskipta- og hagfræðinga eru skoðuð eftir stéttarfélögum sést að nokkur munur er á meðaltali heildarlauna. Þau sem eru ekki í stéttarfélagi eru með marktækt hæstu launin.
Eins og sést á myndinni hér til hliðar hafa meðallaun hækkað hjá öllum stéttarfélögum, og hjá þeim sem eru ekki í stéttarfélagi.

| Stéttarfélag | Meðaltal | Miðgildi | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Ekki í stéttarfélagi | 1523* | 1463 | 158 |
| SSF (Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja) | 1144* | 1073 | 120 |
| VR (Verslunarmannafélagi Reykjavíkur) | 1039 | 970 | 194 |
| BHM (Bandalagi háskólamanna)/ KVH (Kjarafélagi viðskipta- og hagfræðinga) | 952* | 910 | 278 |
| Öðru félagi | 999* | 909 | 71 |



# HEILDARLAUN

## Eftir fjölda yfirmanna á milli starfsmanns og framkvæmdastjóra

Eins og sést á töflunni hækka laun eftir því sem færri yfirmenn eru á milli starfsmanna og framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjórar og þau sem eru ekki með yfirmann á milli sín og framkvæmdastjóra eru með marktækt hærri laun en hinir hóparnir.

| Fjöldi yfirmanna á mili | Meðaltal | Miðgildi | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Framkvæmdastjóri | 1275* | 1120 | 125 |
| Framkvæmdastjóri er næsti yfirmaður | 1255* | 1150 | 267 |
| 1 | 1024* | 931 | 264 |
| 2 | 984* | 867 | 141 |
| 3 | 902* | 885 | 34 |
| 4 eða fleiri | 847* | 871 | 16 |



# HEILDARLAUN

## Eftir fjölda ára í núverandi starfi

Eins og sést á töflunni hér fyrir neðan hækka heildarlaun í takt við fjölda ára í núverandi starfi. Miðgildi þeirra sem hafa verið 20 ár í starfi er 1.100.000 kr. á mánuði á meðan miðgildi þeirra sem hafa verið skemur en 1 ár í sama starfi eru 874.000 kr.

| Fjöldi ára í núverandi starfi | Meðaltal | Miðgildi | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Lengur en 20 ár | 101* | 1100 | 970 |
| 11 til 20 ár | 207* | 1067 | 831 |
| 7 til 10 ár | 121 | 1013 | 910 |
| 5 til 6 ár | 99 | 1040 | 825 |
| 3 til 4 ár | 123 | 969 | 850 |
| 2 ár | 71 | 971 | 770 |
| 1 ár | 45* | 900 | 740 |
| Skemur en 1 ár | 75* | 874 | 690 |



# HEILDARLAUN

## Eftir háskólum

Nokkur munur er á milli heildarlauna eftir því hvaða háskóla þátttakendur útskrifuðust úr. Þau sem útskrifuðust úr Háskóla Íslands eru með marktækt hærri laun en þau sem útskrifuðust úr Háskólanum í Reykjavík, Háskólanum á Bifröst og Háskólanum á Akureyri. Þau sem útskrifuðust úr skóla erlendis eru einnig með marktækt hærri laun en þau sem útskrifuðust úr Háskólanum á Akureyri.

| Háskólar | Meðaltal | Miðgildi | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Háskóla Íslands | 1218* | 1100 | 426 |
| Skóla erlendis | 1099* | 1050 | 71 |
| Tækniháskólanum | 1049 | 944 | 13 |
| Háskólanum í Reykjavík | 1026* | 917 | 132 |
| Háskólanum á Bifröst | 978* | 879 | 74 |
| Háskólanum á Akureyri | 890* | 850 | 90 |



# HEILDARLAUN

## Eftir starfsmannafjölda

Það er jákvæð fylgni á milli heildarlauna og starfsmannafjölda fyrirtækjanna/stofnananna sem þátttakendur starfa í. Því fleiri sem starfa hjá fyrirtækinu, því hærri eru heildarlaunin.

| Starfsmannafjöldi | Meðaltal | Miðgildi | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| 201 eða fleiri starfsmenn | 1198* | 1050 | 319 |
| 101 til 200 starfsmenn | 1191* | 1014 | 129 |
| 51 til 100 starfsmenn | 1064 | 1010 | 103 |
| 26 til 50 starfsmenn | 1041 | 976 | 89 |
| 11 til 25 starfsmenn | 1082 | 1050 | 83 |
| 6 til 10 starfsmenn | 978* | 895 | 47 |
| 1 til 5 starfsmenn | 976* | 863 | 84 |



# HEILDARLAUN

## Eftir starfsgrein

Nokkur munur er á heildarlaunum eftir starfsgreinum. Hæstu launin eru í útgerð/fiskiðnaði á meðan lægstu launin eru í þjónustufyrirtækjum og menntastofnunum.

| Starfsgrein | Meðaltal | Miðgildi | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Útgerð/fiskiðnaður | 1438 | 1300 | 25 |
| Verslun | 1345 | 1132 | 52 |
| Fjármálafyrirtæki | 1224* | 1106 | 166 |
| Upplýsingatækni/hugbúnaðargerð | 1092 | 1048 | 43 |
| Ferðaþjónusta | 1130 | 1014 | 33 |
| Ráðgjafarfyrirtæki | 1041 | 1011 | 36 |
| Framleiðslufyrirtæki | 1247 | 1000 | 39 |
| Heilbrigðisþjónusta | 1078 | 981 | 23 |
| Opinber stjórnsýsla | 977* | 964 | 140 |
| Iðnaður | 1060 | 962 | 24 |
| Endurskoðun | 1113 | 950 | 53 |
| Menntastofnun | 1022 | 930 | 37 |
| Þjónustufyrirtæki | 1033 | 880 | 56 |



# HEILDARLAUN

## Eftir menntun

Jákvæð fylgni er á meðaltali heildarlauna og hæsta menntunarstigi. Þau sem hafa aðeins lokið BSc/BA gráðu eru með marktækt lægstu launin. Auk þess eru þau sem hafa lokið MBA eða Cand Oecon. gráðu með marktækt hærri laun en þau sem eru með MSc/MA gráðu. Laun allra hópa hafa einnig hækkað á milli tímabila.

| Menntun | Meðaltal | Miðgildi | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| MBA | 1355* | 1200 | 101 |
| Doktorsgráða (PhD) | 1251* | 1200 | 15 |
| Cand. Oecon | 1268* | 1167 | 156 |
| Meistaragráða (t.d. MSc og MA) | 1056* | 970 | 279 |
| Bachelor gráða (BSc/BA) | 972* | 868 | 243 |



# HEILDARLAUN

## Eftir aldri

Þegar að niðurstöður eru skoðaðar eftir aldri sést að jákvæð fylgni er á meðaltali launa og aldri og hafa heildarlaun allra aldurshópa hækkað á milli tímabila.

| Aldur | Meðaltal | Miðgildi | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| 50 ára eða eldri | 1150* | 1050 | 436 |
| 40-49 ára | 1133* | 1000 | 272 |
| 30-39 ára | 994* | 880 | 115 |
| 20-29 ára | 690* | 638 | 12 |



# HEILDARLAUN

## Eftir markaði

Þegar laun viðskipta- og hagfræðinga á almennum markaði eru borin saman við laun þeirra sem eru að vinna hjá hinu opinbera og í þriðja geiranum kemur í ljós að laun á almennum markaði er með hæstu launin. Miðgildi heildarlauna þeirra sem eru á almennum markaði eru 75.000 kr. hærri en hjá þeim sem vinna hjá hinu opinbera.

| Markaður | Meðaltal | Miðgildi | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Á almennum markaði | 1200 | 1045 | 461 |
| Hjá hinu opinbera | 999 | 970 | 255 |
| Þriðji geirinn | 1037 | 1013 | 51 |



# HEILDARLAUN

## Eftir menntun, kyni og starfsaldri

Þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir kyni, menntun og starfsaldri er betur hægt að átta sig á því hvaða hópar eru með hæstu launin. Eins og sést á töflunni er nokkur launamunur á milli hópa en aðeins eru sýnd laun hjá þeim hópum þar sem 10 eða fleiri svör bárust. Þeir hópar sem eru með hæstu launin hafa verið feitletraðir.



| | | Miðgildi heildarlauna | | | Fjöldi | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Menntun** | **Starfsaldur** | **Allir** | **Karlar** | **Konur** | **Allir** | **Karlar** | **Konur** |
| Bachelor gráða (BSc/BA) | Skemur en 2 ár | 630 | | | 12 | 6 | 6 |
| | 3 til 5 ár | 680 | | | 19 | 9 | 10 |
| | 6 til 10 ár | 826 | 1000 | 751 | 37 | 13 | 24 |
| | 11 til 20 ár | 900 | 1012 | 833 | 142 | 50 | 92 |
| | 21 til 30 ár | **1206** | | | 20 | 12 | 8 |
| | Lengur en 30 ár | 1070 | | | 11 | 8 | 3 |
| Cand. Oecon | 11 til 20 ár | **1275** | | | 20 | 8 | 12 |
| | 21 til 30 ár | 1130 | 1148 | 1086 | 67 | 43 | 24 |
| | Lengur en 30 ár | **1200** | **1209** | 1160 | 65 | 49 | 16 |
| MBA | 11 til 20 ár | **1200** | **1350** | 1142 | 43 | 24 | 19 |
| | 21 til 30 ár | **1242** | **1232** | **1250** | 28 | 18 | 10 |
| | Lengur en 30 ár | 1180 | | | 18 | 13 | 5 |
| Meistaragráða (t.d. MSc og MA) | 3 til 5 ár | 732 | | | 19 | 11 | 8 |
| | 6 til 10 ár | 850 | 923 | 833 | 49 | 23 | 26 |
| | 11 til 20 ár | 1007 | 1075 | 969 | 140 | 60 | 80 |
| | 21 til 30 ár | 1146 | 1142 | 1187 | 38 | 19 | 19 |
| | Lengur en 30 ár | **1200** | **1210** | 1080 | 29 | 16 | 13 |

# STARFSÁNÆGJA

## Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með starf þitt á heildina litið?

Þegar þátttakendur voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir eru með starf sitt á heildina litið svöruðu 82% að þeir væru ánægðir með starfið. 13% sögðu að þeir væru hvorki ánægðir né óánægðir á meðan 6% sögðust vera óánægðir. Lítil breyting er á starfsánægju síðan 2017 og er ekki marktækur munur á milli tímabila.









# LAUNAÞRÓUN

## Í apríl 2019 voru kjarasamningar um þrjátíu stéttarfélaga og Samtaka atvinnulífsins undirritaðir. Almenn hækkun á mánaðarlaun fyrir fullt starf var 17 þús. kr. á mánuði.

## Hvernig hafa launin þín þróast undanfarna 12 mánuði?

Þátttakendur voru spurðir hvernig laun þeirra hafa þróast undanfarna 12 mánuði og kom í ljós að laun hafa hækkað hjá 69% svarenda. Aðeins 1% svaraði að launin hafi lækkað síðustu 12 mánuði.

| | Hlutfall | Fjöldi |
|---|---|---|
| Launin mín hafa hækkað umfram kjarasamninga | 13% | 111 |
| Launin mín hafa hækkað í takt við kjarasamninga | 53% | 448 |
| Launin mín hafa hækkað minna en kjarasamningar | 3% | 26 |
| Launin mín eru óbreytt | 30% | 249 |
| Launin mín hafa lækkað | 1% | 9 |



# FÁ SÖMU LAUN ANNARS STAÐAR

## Hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá vinnu hjá öðrum atvinnurekanda þar sem þú fengir svipuð laun og hlunnindi og þú færð nú?

Þátttakendur voru spurðir hversu auðvelt eða erfitt væri að fá svipaða vinnu hjá öðrum atvinnurekanda fyrir svipuð hlunnindi og laun og hjá núverandi atvinnurekanda.

Af þeim sem tóku afstöðu svöruðu 33% svarenda því að það væri auðvelt, 36% hvorki né og 31% svöruðu að það væri erfitt.

Þegar þróun á milli tímabila er skoðuð sést að þátttakendur telja það vera erfiðara að fá svipuð laun annars staðar en árið 2017









# BREYTING Á STARFSVETTVANGI

## Hver af eftirfarandi staðhæfingum lýsir best hug þínum til breytinga á starfsvettvangi á næstu 12 mánuðum?

Samkvæmt niðurstöðunum eru aðeins 6% þátttakenda að leita sér að öðru starfi og 16% gætu hugsað sér að Skipta um starf. 39% þátttakenda myndi skoða ef spennandi tækifæri byðist á meðan 36% hafa ekki áhuga á að skipta um starf.



# NÁNARI UPPLÝSINGAR

**Reykjavík, mars 2020**
Bestu þakkir
Trausti Haraldsson
Bryndís Marteinsdóttir
Katrín Þyri Magnúsdóttir
Atli Geir Hallgrímsson

Allar ábendingar vel þegnar.
Ekki hika við að senda okkur tölvupóst á netfangið rannsoknir@zenter.is